Alþingi
Erindi nr. Þ 140/1943
komudagur 25.4.2012

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 25. apríl 2012

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld (breytingar er varða framkvæmd o.fl.). 653. mál.

Samtök atvinnulífsins leggjast gegn samþykkt ákvæðis 10. gr. frumvarpsins þar sem gera á lög nr. 129/2009, um umhverfis- og auðlindagjald, varanleg en þau eiga að falla úr gildi í árslok 2012. Lögin voru sett á sínum tíma sem hluti af áætlun ríkisstjórnarinnar og Alþjóða gjaldeyrissjóðsins um jöfnuð í ríkisfjármálum 2009-2013. Þrátt fyrir að þessi skattheimta sem og önnur skattheimta ríkissjóðs hafi verið aukin enn frekar með nýjum lagaákvæðum á árunum 2010 og 2011 hafa tekjur ríkissjóðs ekki orðið þær sem að var stefnt og markmiðum ríkisstjórnar um jöfnuð í ríkisfjármálum hefur verið slegið á frest.

Ástæða þessa er öllum kunn. Stjórnvöldum hefur ekki tekist að skapa atvinnulífinu þau rekstrarskilyrði sem nauðsynleg eru til þess að fyrirtæki sjái sér hag í að fjárfesta og þar með leggja grunn að nýjum störfum. Í annan stað hefur ekkert orðið úr þeim áformum um opinberar framkvæmdir sem tilgreindar voru í stöðugleikasáttmála stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins frá júní 2009 og voru ein af forsendum áðurnefndrar áætlunar um jöfnuð í ríkisfjármálum. Þá hafa vilyrði stjórnvalda um að styðja við uppbyggingu orkufreks iðnaðar litlu sem engu skilað. Af þessum sökum stefnir nú í að landsframleiðsla á næsta ári verði um 100 milljörðum króna lægri en gert var ráð fyrir þegar efnahagsáætlun þáverandi ríkisstjórnar og AGS var samþykkt haustið 2008. Þetta þýðir að störf á Íslandi verða líklega um 10 þúsundum færri en ella.

Þrátt fyrir fagrar útskýringar í upphaflega frumvarpinu að lögunum um hvernig umhverfis- og auðlindagjaldið er reiknað út hefur það ekkert með umhverfismál að gera heldur er það fyrst og fremst til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð og er sama eðlis og vörugjöld. Ekkert mat var heldur lagt á áhrif skattheimtunnar til minnkunar útstreymis gróðurhúsalofttegunda þegar gjaldið var fyrst lagt á.

Þegar lög nr. 129/2009, um umhverfis- og auðlindagjöld voru samþykkt var gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af sköttum sem þau innihéldu yrðu um 4,7 milljarðar króna á ársgrundvelli. Frá þeim tíma hefur kolefnisgjaldið verið tvívegis hækkað, síðast með lögum nr. 164/2011, og er gjaldið nú um tvöfalt hærra en upphaflega. Í fjárlögum 2012 eru tekjur ríkissjóðs af kolefnisskatti á fljótandi jarðefnaeldsneyti og skatti af seldri raforku og heitu vatni áætlaðar 5,8 milljarðar króna. Hér er enn eitt dæmið um að aukin skattheimta skilar ekki tekjuáformum stjórnvalda þegar upp er staðið.

Á sínum tíma bentu SA á að aðaláhrif þessarar skattlagningar væru að samkeppnisstaða sjávarútvegs og annarra útflutningsgreina skekktist verulega. Sem dæmi var nefnt að norsk fiskiskip eru undanþegin kolefnisgjaldi. Olíukostnaður, einn stærsti útgjaldaliður útgerðarinnar, hefur hækkað mikið síðastliðin ár og fer enn hækkandi. Íslensk stjórnvöld

Aðsetur: Borgartún 35, 105 Reykjavík
Sími: 591 00 00
Bréfsími: 591 00 50
Netfang: sa@sa.is
Veffang: www.sa.is

verða að hafa það í huga að íslensk útflutningsfyrirtæki geta ekki tekið meira á sig en samkeppnisaðilar í öðrum löndum. Í ljósi framangreinds er því mælt gegn því að þessi tímabundna skattheimta verði gerð varanleg.

Samtök atvinnulífsins leggjast ennfremur gegn samþykkt 5. gr. frumvarpsins en með henni er lögð til breyting á framkvæmd við skattlagningu söluhagnaðar hlutabréfa í eigu erlendra aðila (aðila með takmarkaða skattskyldu). Verði ákvæðið að lögum verða fjármálafyrirtæki skyld til að halda eftir staðgreiðslu af söluhagnaði hlutabréfa í eigu erlendra aðila en það hefur ekki verið gert fram að þessu. SA taka undir þau rök sem Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) setja fram gegn þessari lagabreytingu, sbr. umsögn þeirra til efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 24. apríl 2012.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Aðsetur: Borgartún 35, 105 Reykjavík
Sími: 591 00 00
Bréfsími: 591 00 50
Netfang: sa@sa.is
Veffang: www.sa.is